

Markmið og stefna



Markmið og stefna

Markmið Almenna lífeyrissjóðsins er að tryggja sjóðfélögum sínum sem hæstan lífeyri við starfslok, veita sjóðfélögum tryggingavernd vegna tekjumissis í kjölfar örorku og stuðla að auknu fjárhagslegu öryggi aðstandenda við andlát.

Sjóðurinn leitast við að ná bestu ávöxtun með hliðsjón af fjárfestingarstefnu og að teknu tilliti til áhættu.

Sjóðurinn tileinkar sér ábyrgja starfshætti og stefnir að því að vera í fararbroddi með þjónustu og nýjungar í lífeyrismálum.

Leiðir að markmiðum

I. Val um ávöxtunarleiðir	III. Framúrskarandi upplýsingar
II. Góð lífeyrisréttindi	IV. Hagkvæmur rekstur

I. Þjóða sjóðfélögum val um ávöxtunarleiðir með mismunandi eignasamsetningu og áhættu.

Sjóðurinn býður sjóðfélögum að greiða í Ævileiðina sem er aldurstengd ávöxtunarleið með verðbréfasöfnum með eignasamsetningu sem hentar fyrir ólík æviskeið. Í Ævileiðinni er innbyggð áhættudreifing þar sem hlutfall hlutabréfa lækkar með aldrinum en hlutfall skuldabréfa vex að sama skapi. Að öllu jöfnu er óhætt að taka mesta áhættu á fyrsta æviskeiðinu, enda er þá góður tími til að vinna upp tap, en á eftirlaunaárunum ætti yfirleitt sem minnsta áhættu að taka, enda þarf fólk þá að lifa af eignum sínum.

Sjóðurinn stefnir einnig á að bjóða sjóðfélögum að fjárfesta í einstökum eignaflokkum sem henta fyrir séreignarsparnað og eftirspurn er eftir á hverjum tíma. Stefna sjóðsins er að bjóða sjóðfélögum að fjárfesta með sjóðnum á sömu kjörum og lífeyrissjóðurinn.

II. Sjóðurinn stefnir á að sjóðfélagar njóti góðra lífeyrisréttinda sem tryggja sveigjanleika við úttekt eftirlauna og örugga tryggingavernd við áfall vegna örorku eða fráfalls.

Sjóðurinn býður sjóðfélögum að greiða lágmarksiðgjald bæði í samtryggingar- og séreignarsjóð. Tilgangurinn með því að skipta lágmarksiðgjaldi milli séreignar og sameignar er að auka sveigjanleika við töku lífeyris og áhættudreifingu þar sem inneign í séreignarsjóði erfist við andlát.

Sjóðurinn greiðir áfallalífeyri vegna örorku sem er með því besta sem gerist meðal lífeyrissjóða. Sjóðurinn greiðir sambærilegan makalífeyri við andlát sjóðfélaga og aðrir sjóðir en auk þess erfist inneign í séreignarsjóði.

Sjóðurinn greiðir barnalífeyri til barna undir 20 ára aldri við örorku og andlát sjóðfélaga. Sjóðurinn stefnir á að að barnalífeyrir nýtist til framfærslu barna og greiðir tvöfalt hærri barnalífeyri en lágmark samkvæmt lögum og fjórfalt hærri barnalífeyri eigi barn látins sjóðfélaga hvorki foreldri né kjörforeldri á lífi.

III. Sjóðurinn stefnir á að birta ítarlegar upplýsingar og veita úrvals þjónustu og ráðgjöf.

Stefna Almenna lífeyrissjóðsins er að veita sjóðfélögum framúrskarandi þjónustu, faglega fræðslu og ráðgjöf. Þannig er stefnt að því að sjóðfélagar geti á auðveldan hátt nálgast greinargóðar upplýsingar um sjóðinn í heild og um inneign og réttindi einstakra sjóðfélaga.

Sjóðfélagar hafa alltaf aðgang að ráðgjöfum á skrifstofu sjóðsins. Hægt er að senda fyrirspurnir á netfang sjóðsins almenni@almenni.is. Sjóðfélagar sem vilja ítarlega ráðgjöf geta pantað stöðufund sem eru einkafundir með ráðgjafa til að fara yfir inneign og lífeyrisréttindi.

Sjóðfélagar hafa aðgang að sjóðfélagavef með upplýsingum um hreyfingar, inneign, áunnin lífeyrisréttindi og væntar lífeyrisgreiðslur. Sjóðfélagar fá einnig send yfirlit um inneign og lífeyrisréttindi ásamt upplýsingum um afkomu sjóðsins tvisvar á ári.

Heimasíða sjóðsins gegnir lykilhlutverki í að miðla upplýsingum um sjóðinn og um inneign og réttindi. Á heimasíðunni skulu m.a. vera upplýsingar um þjónustu við sjóðfélaga, fréttir um sjóðinn, fræðsla um lífeyrismál og önnur atriði sem hafa áhrif á réttindi sjóðfélaga, um afkomu og eignir ávöxtunarleiða, um stjórn og starfsmenn sjóðsins.

Sjóðurinn heldur reglulega námskeið og fundi fyrir sjóðfélaga. Starfsmenn sjóðsins eru einnig tilbúnir að heimsækja vinnustaði og halda upplýsingafundi um afkomu sjóðsins eða námskeið um lífeyrismál.

IV. Sjóðurinn stefnir á að halda kostnaði í lágmarki þannig að ávöxtun skili sér sem mest til sjóðfélaga.

Sjóðurinn leggur áherslu á gott skipulag sem miðar að hagkvæmum rekstri og góðri þjónustu. Starfsmenn hafa starfslýsingar og verkferlar eru til fyrir helstu verkefni.

Sjóðurinn leggur áherslu á skilvirkt innra eftirlit og gott samstarf við endurskoðendur og opinbera eftirlitsaðila.

Sjóðurinn leggur áherslu á starfsmenn hafi góð upplýsingakerfi sem stuðla að hagkvæmni, skili upplýsingum sem auðvelda ákvarðanatöku og hjálpi til við að veita framúrskarandi þjónustu.

Sjóðurinn vill stækka til að ná frekari stærðarhagkvæmni. Sjóðurinn er opinn fyrir samstarfi eða sameiningu við aðra sjóði.

Samþykkt af stjórn 26. febrúar 2014